

Eintak án trúnaðarupplýsinga

Ákvörðun nr. 3/2025  
Miðvikudagurinn, 29. janúar 2025

## Kaup Myllunnar-Ora ehf. á Gunnars ehf.

1. Þann 16. desember 2024 barst Samkeppniseftirlitinu fullnægjandi samrunatilkynning vegna kaupa Myllunnar-Ora ehf. („Myllan-Ora“) á öllu hlutafé í Gunnars ehf. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við ákvæði 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu á málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020.
2. Með tölvupósti, dags. 20. desember 2024, upplýsti Samkeppniseftirlitið að samrunatilkynning aðilanna teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til að rannsaka samrunanna að líða þann 17. desember 2024.
3. Samrunamálinu lauk hinn 15. janúar sl. með bréfi Samkeppniseftirlitsins til samrunaaðila um að eftirlitið myndi ekki aðhafast frekar og lauk þá rannsókninni á fyrsta fasa.
4. Samrunaaðilar fengu einnig undanþágu til þess að framkvæma samrunann strax þann 16. desember 2024. Þannig fylgdi með samrunatilkynningunni beiðni um undanþágu til að fá að framkvæma samrunann á meðan Samkeppniseftirlitið fjallaði um hann. Samkeppniseftirlitið veitti undanþáguna með því skilyrði að samrunaaðilar myndu ekki grípa til neinna aðgerða sem gerði það ómögulegt eða erfiðleikum háð að vinna ofan af samrunanum.
5. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfiráðum til frambúðar. Með samrunanum eignast Myllan-Ora allt hlutafé í Gunnars og mun Gunnars því verða undir yfiráðum Myllunnar-Ora.
6. Samkvæmt samrunaskrá er Myllan-Ora (áður ÍSAM ehf.) framleiðslufyrirtæki og er tilgangur félagsins innflutnings- og útflutningsverslun, umboðssala, iðnaður, rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Fyrirtækið rekur vörumerkin Myllan, ORA, Frón og Kexsmiðjan. Myllan-Ora er í 100% eigu eignarhaldsfélagsins Kristins ehf. og á 50% óbeinan eignarhlut í rekstarfélaginu Ó. Johnson & Kaaber – ÍSAM ehf. (ÓJK-ÍSAM) sem fer með rekstur heildsölu. Fyrirtækið varð til í núverandi mynd í kjölfar samruna ÍSAM ehf., Ó. Johnson & Kaaber ehf. og Sælkeradreifingar ehf., sjá [ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2021](#), en heildsölurekstur þessara fyrirtækja var sameinaður í nýju félagi gegn því að félagin gengjust undir skilyrði í sátt.
7. Myllan-ORA framleiðir majónes til stórnotenda ásamt því að framleiða graflaxsósú sem seld er til dagvöruverslana og stórnotenda. ÓJK-ÍSAM er í þessu samhengi innflutnings- og dreifingaraðili á majónesi og köldum sósum til dagvöruverslana og stóreldhúsa.
8. Gunnars er framleiðslufyrirtæki sem framleiðir einkum majónes og kallar sósur úr majónesgrunni en vörurnar eru seldar til dagvöruverslana og stóreldhúsa. Félagið hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 2014 og er eigandi félagsins Kleópatra K. Stefánsdóttir.



9. Við mat á samruna verður samkvæmt samkeppnislögum að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Hér verður fjallað um markaði málsins og áætlaða hlutdeild. Samrunaaðilar telja vörumarkaði málsins vera þeir sömu og skilgreindir voru í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2023, *Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Gunnars ehf.*, en niðurstaða Samkeppniseftirlitsins í því máli var sú að nauðsynlegt þótti að grípa til íhlutunar vegna samrunans. Rétt er að geta þess að undir rekstri þess máls mótmæltu samrunaaðilar mati Samkeppniseftirlitsins á skilgreiningu markaða. Þeir vörumarkaðir sem lagðir voru til grundvallar í því máli og eiga einnig við hér eru eftirfarandi:
- framleiðsla og sala á hreinu majónesi til dagvöruverslana;
  - framleiðsla og sala á hreinu majónesi til stórnotenda;
  - framleiðsla og sala á öðrum tilbúnum köldum sósum til dagvöruverslana; og
  - framleiðsla og sala á öðrum tilbúnum köldum sósum til stórnotenda.
10. Hvað varðar landfræðilegan markað telja samrunaaðilar að hann sé landið allt, sbr. niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 1/2023. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur athugun málsins, í ljósi fyrri úrlausna samkeppnisyrivalda, því til kynna að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland.
11. Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að samruni þessi hafi ekki skaðleg samkeppnisleg áhrif á viðkomandi markaði og er þar m.a. vísað til markaðshlutdeildartalna sem birtar voru í ákvörðun nr. 1/2023 vegna samrunarannsóknar árið áður.
12. Að sögn samrunaaðila var félagið ÍSAM-ÓJK stofnað í kjölfar samruna á heildsölurekstri ÍSAM ehf. og Ó. Johnson & Kaaber ehf. síðla árs 2021. Þær markaðshlutdeildarölur sem birtar voru í ákvörðun nr. 1/2023 byggja á veltugögnum fyrirtækja fyrir árið 2021 áður en kom til samrunans.
13. Í samrunaskrá fjalla samrunaaðilar því um markaðshlutdeildir á skilgreindum mörkuðum málsins miðað við fyrirliggjandi upplýsingar fyrir árið 2021. Voru hlutdeildir ÓJK og ÍSAM (nú ÓJK-ÍSAM) teknar saman undir „ÓJK-ÍSAM“, en eins og fyrr segir á Myllan-ORA óbeint 50% eignarhlut í félaginu. Annars vegar sé um að ræða innflutning og heildsölu á vörum til dagvöruverslana og stórnotenda og hins vegar framleiðslu og sölu til stórnotenda.
14. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga.
15. Samrunaaðilar taka fram í samrunaskrá að öflugir keppinautar starfi á þeim mörkuðum sem til umfjöllunar eru, s.s. Kaupfélag Skagfirðinga/E. Finnsson og Kjarnavörur. Einnig séu fjölmargir minni framleiðendur starfandi á markaðnum og aðilar sem stundi innflutning á vörum. Þá kemur fram í samrunaskrá að samrunaaðilar séu ekki nánir keppinautar á viðkomandi mörkuðum enda starfi þeir að mestu leyti á ólíkum mörkuðum eða söluleiðum og áherslur þeirra séu ólíkar.
16. Að mati samrunaaðila sé hlutdeild hins sameinaðs félags á þeim mörkuðum þar sem einhver skörun sé ekki þess eðlis að markaðsráðandi staða verði til, styrkist eða samkeppni raskist með umtalsverðum hætti og að hlutdeildaraukning hins sameinaðs félags sé óveruleg. Samrunaaðilar séu ekki nánir keppinautar og [ ]<sup>1</sup>.
17. Að mati samrunaaðila muni lítil sem engin samþjöppun eiga sér stað í kjölfar samrunans, að undanskildum markaði fyrir hreint majónesi til stórnotenda. Gunnars voru með 25-30% hlutdeild

---

<sup>1</sup> Trúnaður



á þeim tíma, ÓJK-ÍSAM og Myllan-ORA voru saman með 10-15% hlutdeild á þeim markaði árið 2021, en stór hluti af veltunni sem að baki liggur hlutdeildarinnar var innflutningur og sala á vegum Ó. Johnson & Kaaber. Fram kemur í samrunaskrá að [ ]<sup>2</sup>.

18. Samkeppniseftirlitið sendi út umsagnabeiðni þann 3. janúar sl. á helstu samkeppnisaðila samrunaaðila, þ.m.t. framleiðendur og heildsölur/innflytjendur. Bárust þrjú svör sem voru öll á þann veg að fyrirtækin gerðu ekki athugasemdir við fyrirhuguð kaup.
19. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki séu vísbendingar um að markaðsráðandi staða verði til eða hún styrkist í kjölfar samrunans þannig að sameinað fyrirtæki geti hagað sér að töluverðu leyti án tillits til keppinauta eða viðskiptavina. Sterkir keppinautar starfa á skilgreindum mörkuðum málsins, stærri en hið sameinaða fyrirtæki, bæði í framleiðslu og innflutningi á umræddum vörum. Fyrir utan takmörkuð lárétt áhrif samrunans gefa gögn málsins ekki til kynna önnur möguleg skaðleg áhrif, þ.e. lóðrétt áhrif eða samsteypuáhrif. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að fyrirliggjandi upplýsingar og gögn bendi ekki til þess að samruninn raski samkeppni með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið hvorki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans né rannsaka hann frekar og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

### **Ákvörðunarorð:**

**„Kaup Myllunnar-Ora ehf. á öllu hlutafé í Gunnars ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í þessu máli.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

---

<sup>2</sup> Trúnaður